

Fréttapési Álfagerðis – Haust 2019

Álfagerði og Öldungaráð kynna dagskrá Félags eldri borgara í Vogum haustið 2019





Helstu viðburðir haustið 2019

Leikhúsferð

Farið verður í leikhús í nóvember. Farið verður á sýninguna Sex í sveit í Borgarleikhúsinu

Haustferð

Haustferð eldri borgara verður mánudaginn 7. október kl. 10. Farið verður um Hvalfjörð og endað á

Aðventuferð

Mánudaginn 2. desember kl. 13.00. Farið verður í verslunarmiðstöð

Jólahlaðborð

Föstudaginn 13. desember kl. 18.00. Glæsilegt hlaðborð að vanda

Súpukvöld

Föstudaginn 25. október kl. 18.00. Vinir okkar frá Álftanesi koma í heimsókn og við gerum okkur glaðan dag saman

Skötuhlaðborð

Mánudaginn 23. desember kl. 12.00. Hefðbundinn Þorláksmessumatur, namminamm

Haustferð eldri borgara

Ferðin verður farin mánudaginn 7. október kl. 10.00. Að þessu sinni verður farið um Hvalfjörðinn og endað á Akranesi með viðkomu á áhugaverðum stöðum á leiðinni. Fjölbreytt dagskrá. Skráningarfrestur til 25. september

Sviðaveisla

Föstudaginn 11. október kl. 18.00.
Skráningarfrestur til 1. október



Súpukvöld

Föstudaginn 25. október kl. 18.00 og við fáum vini okkar frá Álftanesi í heimsókn. Skráningarfrestur til 15. október.





Pizzakvöld

Föstudaginn 8. nóvember kl. 18.00. Skráningarfrestur til 31. október

Bingó

Þriðjudaginn 12. nóvember kl. 13.00. Fjölbreyttir vinningar. Spjaldið kostar 400 krónur

Leikhúsfærð

Farið verður að sjá sýninguna Sex í sveit í Borgarleikhúsinu. Ekki er komin nákvæm dagsetning sökum þess að leikhúsið hefur ekki gefið út dagsetningar, en farið verður á tímabilinu 15. – 25. nóvember.

Aðventuferð

Mánudaginn 2. desember kl. 13.00. Farið verður í verslunarmiðstöð. Skráningarfrestur til 22. nóvember

Aðventusamvera

Þriðjudaginn 10. desember kl. 13.00. Boðið verður upp á að skera út laufabrauð, baka piparkökur, búa til konfekt og kannski fleira. Skráningarfrestur til 1. desember

Jólahlaðborð

Föstudaginn 13. desember kl. 18.00. Skráningarfrestur til 1. desember

Skötuþlaðborð

Mánudaginn 23. desember kl. 12.00. Skráningarfrestur til 12. desember

Messur í Kálfatjarnarkirkju fram að áramótum

8. september kl. 14.00

14. október kl. 14.00

10. nóvember kl. 14.00

24. desember kl. 17.00

31. desember kl. 17.00



Almenn dagskrá fram að jólum



Félagsvist

Spiluð er félagsvist á miðvikudögum kl. 13.00 í Álfagerði og kostar þátttaka 100 krónur. Það er oftast mikil þátttaka og hörð og skemmtileg keppni um hver ber sigur úr bítum, bæði eftir hvert skipti og eins í lok tímabilsins

Kaffihlaðborð

Að lokinni félagsvist kl. 15.00 er veglegt kaffihlaðborð sem Guðrún matræðurinn okkar sér um. Allir eru að sjálfsgöðu velkomnir sama hvort tekið er í spil eða ekki. Hlaðborðið kostar 500 krónur

Stólaleikfimi

Boðið er upp á stólaleikfimi á mánudögum og fimmtudögum kl. 13.30 og það er Adda sem sér um leikfimina

Sund og tímar í Íþróttamiðstöð

Eldri borgarar hafa ákveðna tíma í sundlauginni og Íþróttamiðstöðinni. Sundið er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 9.00 og einnig verða opnir tímar í Íþróttamiðstöðinni á miðvikudögum og föstudögum kl. 10.00 þar sem eldri borgarar sem og aðrir geta komið og gengið, sparkað og hent boltum, gert æfingar eða stundað hvaða aðra hreyfingu sem þeim lystir

Helgistundir fram að jólum

Séra Arnór (Kjartan er farinn í árs námsleyfi) ætlar að heimsækja Álfagerði mánaðarlega fram að jólum og verður fyrsta heimsóknin fimmtudaginn 26. september og svo er áætlað að verða alltaf síðasta fimmtudag í hverjum mánuði en það gæti þó breyst og verður auglýst á Facebook síðunni og í Álfagerði. Þar geta eldri borgarar komið og átt skemmtilegt spjall við sóknarprestinn sinn bæði um andleg málefni en eins um daginn og veginn.

Boccia

Á fimmtudögum kl. 14.00 æfum við Boccia í íþróttahúsinu. Boccia er fyrir alla og er einstaklega góð íþrótt til að efla félagslífið og fá hreyfingu um leið. Hægt er að mæta fyrr og fá sér kaffisopa í íþróttahúsinu og spjalla

Opið hús í Álfagerði

Opið hús er í Álfagerði á mánudögum og þriðjudögum milli 13.00 og 15.00. Tilgangurinn með opnu húsi er að veita þeim sem hafa áhuga tækifæri til að taka þátt í samverustund. Hægt verður að föndra, tálga, spila, þrjóna, hafa upplestur, vinna með gler, postulín, mála, smíða eða hvað annað sem hugann fangar

Minnt er á að kirkjukórinn tekur alltaf við söngfólki og fátt er jafn gefandi og að stunda kórstarf



Álfagerði er opið fyrir 60 ára og eldri

Í húsinu er góð aðstaða sem býður upp á marga möguleika til skemmtilegrar afþreyingar. Má þar nefna pílu, föndur, tálgun, gler, billiard, pútt, sjónvarp með íþróttarásunum, smíðaaðstöðu, spil, púsl, föndur með þrjón, o.fl.

Hádegismatur

Í Álfagerði geta allir 67 ára og eldri fengið hádegismat alla virka daga gegn vægu gjaldi. Maturinn er eldaður í mötuneyti Stóru-Vogaskóla og sendur í Álfagerði

Hugmyndasöfnun

Við erum alltaf að leita að fleiri skemmtilegum liðum í dagskrá Álfagerðis og viðburðum á vegum Öldungaráðsins.

Ef þú vilt sjá eitthvað á dagskránni hafðu þá samband og við reynum að láta það verða að veruleika

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar má fá í Álfagerði og í síma Álfagerðis á almennum opnunartíma frá 10:00 – 13.00, á

facebook.com/alfagerdi eða með tölvupósti á alfagerdi@vogar.is eða daniel@vogar.is

Síminn í Álfagerði er 440-6228